

Sp.

30. Tillaga til þingsályktunar

[30. mál]

um hagnýtingu vinnuafis í þágu íslenzkra atvinnuvega.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa eftir tilnefningu þingflokka-anna fimm manna nefnd til að gera allsherjaráætlun um hagnýtingu vinnuafis í þágu íslenzkra atvinnuvega, þannig, að unnt verði að veita þeim þúsundum Íslendinga, er nú starfa á vegum erlends herliðs, atvinnu í þjóðnýtum starfsgreinum. Skal nefndin hraða störfum og skila álitum og tillögum eigi síðar en 1. júlí 1955.

Greinargerð.

Tala íslenzkra verkamanna hjá „varnarliðinu“ svonefnda á Keflavíkurflugvelli hefur um alllangt skeið verið hátt á þriðja þúsund manns. Enn fremur vinnur fjöldi annarra Íslendinga beint eða óbeint á vegum hersins á vellinum. Er þá ótalið starfslíð í öðrum herstöðvum og fólki utan herstöðva, sem að meira eða minna leyti vinnur störf í þjónustu setuliðsins. Nákvæmar tölur eru ekki fyrir hendi um fjölda alls þessa starfslíðs og enn síður um það, hve mörgum það hefur fyrir að sjá. Lauslegar athuganir benda til þess, að eigi færri en 15 þúsund Íslendingar hafi framfæri sitt í sambandi við dvöl hins erlenda setuliðs í landinu.

Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera það mikið áhyggjuefni, hvernig setuliðsvinnan sagnar til sín vinnuaflið frá íslenzkum atvinnuvegum, enda koma afleiðingar þess sífellt betur í ljós. Sjávarútvegur, iðnaður og landbúnaður gjalda æ meira afhröð í kapphlaupinu við herinn um vinnukraftinn. Fólki hverfur úr kaupstöðum, sjávarþorpum og sveitum og leitar sér um stundarsakir atvinnu á Keflavíkurflugvelli. Stjórnarvöld landsins stuðla kappsamlega að þessari öfugþróun og virðast ekkert skeyta um það, hvað við tekur, er sú stund rennur upp, þegar þúsundir uppflosnaðra og vegalausra Íslendinga standa frammi fyrir því, að þeir geta ekki lengur framfleytt sér og sínum á herðnaðarvinnu.

Enginn Íslendingur hefur enn á opinberum vettvangi haldið því fram, að herstöðvar og setulið skuli vera hér um aldur og ævi, þó að ýmsar aðgerðir stjórnarvalda bendi einna helst til þess, að svo sé ráð fyrir gert. Fæstir munu þó vilja viðurkenna, að þeir geri ráð fyrir snöpum í kringum erlent setulið sem framtíðaratvinnuvegi Íslendinga. Allir þeir, sem telja hernaðarvinnuna stundarfyrirbrigði, hljóta að geta orðið sammála um það, að gera beri hið fyrsta gagnngerar ráðstafanir til þess, að hægt verði að veita því fólki, sem nú starfar á vegum hersins, arðbæra atvinnu við lífsatvinnuvegi þjóðarinnar.

Við flm. þessarar till. erum þeirrar skoðunar, að segja beri upp herstöðvar-samningnum, þegar er samningsákvæði leyfa og krefjast brottfarar alls hers úr landi. Höfum við lagt fram aðra þingskýlktunartillögu um það mál. Okkur er ljóst, að það er mikið verkefni og næsta margþætt að sjá öllu því fólki fyrir framtíðaratvinnu við íslenzka atvinnuvegi, sem gálaus og skammsýn stjórnarvöld hafa látið hnappast saman á Keflavíkurflugvelli. Verður það að teljast óverjandi með öllu að hafast ekki að, en fljóta sofandi að feigðarósi. Með skynsamlegum, raunhæfum aðgerðum er að sjálfsögðu kleift að leysa þann vanda, sem hér er við að etja. Auðæfi hafs og moldar eru enn hvergi nærri fullnýtt. Íslenzkur iðnaður á stórfellda vaxtarmöguleika, ef rétt er á haldið. Hér á landi getur hvert mannsbarn haft næg verkefni við þjóðnýtt störf.

Við litum svo á, að Alþingi beri skylda til að láta nú þegar hefja nauðsynlegan undirbúning að því að leysa þetta mál.